

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 995/2001**2002/EES/53/21**

frá 22. maí 2001

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2516/2000 um breytingu á almennum meginreglum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu frá 1995 (ESA-'95) að því er varðar skatta og framlög til félagslegra kerfa (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2516/2000 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð (EB) nr. 2516/2000 um breytingu á almennum meginreglum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu frá 1995 (ESA '95) að því er varðar skatta og framlög til félagslegra kerfa, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 2223/96 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu inniheldur viðmiðunarramma fyrir sameiginlega staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikningsskilareglur sem beita skal við gerð þjóðhagsreikninga aðildarríkjanna vegna hagskýrsluþarfa bandalagsins svo að fá megi fram niðurstöður sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 2516/2000 tryggir að gögn séu samanburðarhæf og gagnsæ milli aðildarríkja við skráningu skatta og framlaga til félagslegra kerfa í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu í bandalaginu frá 1995 vegna málsmeðferðar við of miklum fjárlagahalla. Ekki skal tekið tillit til skatta og framlaga til félagslegra kerfa, sem ólíklegt er að verði innheimt, í hreinni lánveitingu/hreinni lántöku hins opinbera.

- 3) Til beitingar á reglugerð (EB) nr. 2516/2000, og innan sex mánaða frá samþykkt hennar, skal framkvæmdastjórnin innleiða nauðsynlegar breytingar í texta viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96.
- 4) Í 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 er mælt fyrir um skilyrði fyrir heimild framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja breytingar á ESA-'95, einkum nauðsynlegar breytingar í viðauka B við framangreinda reglugerð.
- 5) Samráð hefur verið haft við hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðsluöfnuð, sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE ⁽³⁾, sem var breytt með ákvörðun 96/174/EB ⁽⁴⁾.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽⁵⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum A og B við reglugerð (EB) nr. 2223/96 skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Þessi reglugerð skal ekki gilda á aðlögunartímabilinu sem aðildarríkin kunna að veita í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2516/2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB L 139, 23.5.2001, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjttð. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48.

⁽⁵⁾ Stjttð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKA A VIÐ REGLUGERÐ (EB) nr. 2223/96

1.57

	<p><i>Á eftir:</i> „Í sumum tilvikum... að beita nálgunum.“ <i>komi eftirfarandi:</i></p> <p>„Auk þessa sveigjanleika hvað varðar skráningartíma var nauðsynlegt, af hagkvæmniástæðum sem tengjast málsmeðferðinni vegna of mikils fjárlagahalla, að skilgreina sérstaka skráningu skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ber að greiða til hins opinbera, svo að ekki sé tekið tillit til skatta og framlaga til félagslegra kerfa, sem ólíklegt er að verði innheimt, í hreinni lánveitingu/hreinni lántöku hins opinbera (og tilsvarendi geira). Sem frávik frá meginreglunni um skráningu viðskipta skulu skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða hinu opinbera, annaðhvort skráð að frádregnum þeim hluta sem ólíklegt er að verði innheimtur, eða, ef sá hluti er innifalinn, skal hann jafnaður út á sama uppgjörstímabili með fjármagnstílfærslu frá hinu opinbera yfir í viðkomandi geira.“</p>
--	--

3.48

	<p><i>Í skilgreininguna um viðmiðunargrunnverð í lið 4.27 komi eftirfarandi:</i></p> <p>„Grunnverð er verðið sem framleiðendur fá frá kaupanda fyrir vörueiningu eða þjónustu, sem þeir framleiða eða inna af hendi, að frádregnum sköttum (sjá lið 4.27) sem leggjast á eininguna vegna framleiðslu eða sölu (þ.e. skatta á vörur) auk styrkja til framleiðslu eða sölu á viðkomandi vöru (þ.e. framleiðslustyrkja).“</p>
--	--

4.17

	<p><i>Í síðasta málslið komi tilvísun í lið 4.27:</i></p> <p>„Fyrir hagkerfið í heild er virðisaukaskattur mismunurinn á samanlögðum reikningsfærðum virðisaukaskatti og samanlögðum frádráttarbærum virðisaukaskatti (sjá lið 4.27).“</p>
--	--

4.27

<p><i>Eftirfarandi falli brott:</i></p> <p>„Farið er með skatta, sem koma fram í skattaálagningu en eru aldrei greiddir, (t.d. vegna gjaldþrots) eins og þeir hafi verið greiddir; möguleikarnir eru tveir:</p> <p>a) hið opinbera afskrifar tapaða viðskiptakröfu og viðurkennir að ekki sé lengur hægt að innheimta kröfuna; afskriftin er skráð með öðrum breytingum á eignareikning hins opinbera og á reikning vanskilaaðilans;</p> <p>b) skuldin er felld niður með gagnkvæmu samþykki hins opinbera og skuldara. Farið er með þessa niðurfellingu á fjármagnsreikningi sem fjármagnstílfærslu frá hinu opinbera yfir á skuldara, jafnframt er krafan felld brott af fjárhagsreikningi.“</p>	<p><i>Í staðinn komi eftirfarandi:</i></p> <p>„Hægt er að styðjast við tvenns konar heimildir við skráningu skatta á reikninga: fjárhæðir sem koma annaðhvort fram í skattaálagningu og -framtölum eða við staðgreiðslu.</p> <p>a) Ef stuðst er við skattaálagningu og -framtöl skal leiðrétt fjárhæðirnar með stuðli sem endurspeglar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem aldrei verða innheimtar. Önnur hugsanleg meðferð er að fjármagnstílfærsla yfir í viðkomandi geira sé skráð sem jafngildi sömu leiðréttingar. Áætla skal stuðlana á grundvelli fyrri reynslu og þeirra væntinga sem gerðar eru hverju sinni að því er varðar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem verða aldrei innheimtar. Mismunandi tegundir skatta skulu hafa hver sinn stuðul.</p> <p>b) Ef stuðst er við staðgreiðslu skal hún miðast við ákveðinn tíma þannig að rekja megi greiðsluna til þess tíma þegar starfsemin, sem gaf tilefni til skattskuldarinnar, átti sér stað. Þessa leiðréttingu má byggja á meðaltali tímamismunarins milli starfseminnar og tímasetningar staðgreiðslunnar.“</p>
--	--

4.82

Eftirfarandi falli brott:

„Farið er með skatta, sem koma fram í skattaálagningu en eru aldrei greiddir, (t.d. vegna gjaldþrots) eins og þeir hafi verið greiddir; möguleikarnir eru tveir:

- a) hið opinbera afskrifar tapaða viðskiptakröfu og viðurkennir að ekki sé lengur hægt að innheimta kröfuna; afskriftin er skráð með öðrum breytingum á eignareikning hins opinbera og á reikning vanskilaaðilans;
- b) skuldin er felld niður með gagnkvæmu samþykki hins opinbera og skuldara. Farið er með þessa niðurfellingu á fjármagnsreikningi sem fjármagnstílfærslu frá hinu opinbera yfir á skuldara, jafnframt er krafan felld brott af fjárhagsreikningi.“

Í staðinn komi eftirfarandi:

„Hægt er að styðjast við tvenns konar heimildir við skráningu skatta á reikninga: fjárhæðir sem koma annaðhvort fram í skattaálagningu og -framtölum eða við staðgreiðslu.

- a) Ef stuðst er við skattaálagningu og -framtöl skal leiðrétta fjárhæðirnar með stuðli sem endurspeglar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem aldrei verða innheimtar. Önnur hugsanleg meðferð er að fjármagnstílfærsla yfir í viðkomandi geira sé skráð sem jafngildi sömu leiðréttingar. Áætla skal stuðlana á grundvelli fyrri reynslu og þeirra væntinga sem gerðar eru hverju sinni að því er varðar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem verða aldrei innheimtar. Mismunandi tegundir skatta skulu hafa hver sinn stuðul.
- b) Ef stuðst er við staðgreiðslu skal hún miðuð við ákveðinn tíma þannig að rekja megi greiðsluna til þess tíma þegar starfsemin, viðskiptin eða önnur atriði sem gáfu tilefni til skattskuldarinnar, áttu sér stað (eða þegar skatturinn var ákvarðaður, að því er varðar suma tekjuskatta). Þessa leiðréttingu má byggja á meðaltali tímamismunarins milli starfseminnar, viðskipta eða annarra atriða (eða tímans þegar skattur er ákvarðaður) og tímasetningar staðgreiðslunnar.

Þegar vinnuveitandi dregur tekju- og eignatekjuskatt frá launum skal hann innifalinn í launakostnaði, jafnvel þótt vinnuveitandinn hafi í reynd ekki greitt hann til opinberra yfirvalda. Þá lítur það út eins og heimilin greiði alla fjárhæðina til hins opinbera. Jafna þarf út fjárhæðirnar, sem í reynd eru ógreiddar, í D.995 sem fjármagnstílfærslu frá hinu opinbera yfir á geira vinnuveitendanna.“

4.96

Í lok málgreinarinnar komi eftirfarandi:

„Hægt er að styðjast við tvenns konar heimildir við skráningu framlaga til félagslegra kerfa hins opinbera á reikninga: fjárhæðir sem koma annaðhvort fram í skattaálagningu og -framtölum eða við staðgreiðslu.

- a) Ef stuðst er við skattaálagningu og -framtöl skal leiðrétta fjárhæðirnar með stuðli sem endurspeglar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem aldrei verða innheimtar. Önnur hugsanleg meðferð er að fjármagnstílfærsla yfir í viðkomandi geira sé skráð sem jafngildi sömu leiðréttingar. Áætla skal stuðlana á grundvelli fyrri reynslu og þeirra væntinga sem gerðar eru hverju sinni að því er varðar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem verða aldrei innheimtar. Mismunandi tegundir framlaga til félagslegra kerfa skulu hafa hver sinn stuðul.
- b) Ef stuðst er við staðgreiðslu skal hún miðast við ákveðinn tíma þannig að rekja megi greiðsluna til þess tíma þegar starfsemin, sem var tilefni skuldarinnar til félagslegra kerfa, átti sér stað (eða þegar skuldin varð til). Þessa leiðréttingu má byggja á meðaltali tímamismunarins milli starfseminnar (eða tímans þegar skuldin varð til) og tímasetningar staðgreiðslunnar.

Þegar vinnuveitandi dregur framlög til félagslegra kerfa frá launum skulu þau innifalinn í launakostnaði, jafnvel þótt vinnuveitandinn hafi í reynd ekki greitt hann til opinberra yfirvalda. Þá lítur það út eins og heimilin greiði alla fjárhæðina til opinberra yfirvalda. Jafna þarf út ógreidda fjárhæðirnar í D.995 sem fjármagnstílfærslu frá hinu opinbera yfir á geira vinnuveitendanna.“

4.150

Málgrein 4.150 falli brott:

„Skráningartími: fjármagnsskattar eru skráðir þegar skattskuldin verður til.“

Í staðinn komi eftirfarandi ný málgrein: 4.150:

„Hægt er að styðjast við tvenns konar heimildir við skráningu skatta á reikninga: fjárhæðir sem koma annaðhvort fram í skattaálagningu og -framtölum eða við staðgreiðslu.

- a) Ef stuðst er við skattaálagningu og -framtöl skal leiðrétta fjárhæðirnar með stuðli sem endurspeglar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem aldrei verða innheimtar. Önnur hugsanleg meðferð er að fjármagnstillfærsla yfir í viðkomandi geira sé skráð sem jafngildi sömu leiðréttingar. Áætla skal stuðlana á grundvelli fyrri reynslu og þeirra væntinga sem gerðar eru hverju sinni að því er varðar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem verða aldrei innheimtar. Mismunandi tegundir skatta skulu hafa hver sinn stuðul.
- b) Ef stuðst er við staðgreiðslu skal hún miðast við ákveðinn tíma þannig að rekja megi greiðsluna til þess tíma þegar starfsemin, sem var tilefni skattskuldarinnar, átti sér stað (eða þegar skatturinn var ákvarðaður). Þessa leiðréttingu má byggja á meðaltali tímamismunarinnar milli starfseminnar (eða tímans þegar skattur er ákvarðaður) og tímasetningar staðgreiðslunnar.“

4.165

Í lok fyrstu setningar f-liðar bætist við tilvísun í nýjan j-lið:

„— nema í því sérstaka tilviki þegar um er að ræða skatta og framlög til félagslegra kerfa sem ber að greiða til hins opinbera (sjá j-lið í 4.165).“

Í lok liðarins komi eftirfarandi:

„j) Þegar skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða hinu opinbera, eru skráð á grundvelli skattaálagningar og -framtala, skal jafna út þann hluta, sem ólíklegt er að verði innheimtur, á sama uppgjörstímabili. Það má gera með „Önnur fjármagnstillfærsla“ (D.99), í tiltekinni línu D.995, milli hins opinbera og viðkomandi geira. Streymi D.995 þarf að skipta upp í samræmi við kóðun mismunandi skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem um ræðir.“

5.129

Í lok málgreinarinnar komi eftirfarandi:

„Skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða hinu opinbera, og skulu koma undir AF.79, skulu ekki fela í sér þann hluta skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt, og eru því krafa frá hinu opinbera sem hefur ekkert raunverulegt gildi.“

6.27

Í lok d-liðar komi eftirfarandi:

„Sem frávik frá meginreglunni falla skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða til hins opinbera og hið opinbera viðurkennir af sinni hálfu að ólíklegt sé að verði innheimt, ekki undir þennan lið. Skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða hinu opinbera og ólíklegt er að verði innheimt, eru jöfnuð út á því uppgjörstímabili sem skuldin varð til, með útreikningi á nettó-útláni/nettólántöku hins opinbera og tilsvarendi geira (sjá lið 1.57).“

7.61

	<p><i>Í lok málgreinarinnar komi eftirfarandi:</i></p> <p>„Skattar og framlög til félagslegra kerfa, sem ber að greiða hinu opinbera og falla undir AF.79, skulu ekki fela í sér þann hluta skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt, og eru því opinber krafa sem hefur ekkert raunverulegt gildi.“</p>
--	--

9.47

<p><i>Fyrsti málsliður falli brott:</i></p> <p>„Skattar og vörutengdir styrkir eru fjárhæðir sem eingöngu skal greiða þegar það kemur fram í skattaálagningu, -framtölum o.s.frv. eða fjárhæðir sem greiddar eru í reynd (sjá lið 4.27).“</p> <p><i>Eyða skal í 2. mgr. b-lið eftirfarandi:</i></p> <p>„Þetta skal skrá sem aðra breytingu á reikningi yfir eignir og skuldir, þ.e. ekki í framboðs- og ráðstöfunartöflu.“</p>	<p><i>Í stað fyrsta málsliðar komi eftirfarandi:</i></p> <p>„Aðferðin við að skrá skatta á vöru og þjónustu og vörutengda styrki er skilgreind í lið 4.27 annars vegar og 4.40 hins vegar.“</p>
--	---

IV. viðauki — Flokkanir og reikningar

	<p><i>Í flokkun færslna og annars streymis bætist við eftirfarandi kóðalisti á eftir „D.99 — Aðrar fjármagnstílfærslur“:</i></p> <p>„D.995 Fjármagnstílfærslur frá hinu opinbera til viðkomandi geira vegna skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt</p> <p>D.99521 Álagðir skattar á vörur og þjónustu sem ólíklegt er að verði innheimtir</p> <p>D.99529 Aðrir álagðir skattar á vörur og þjónustu sem ólíklegt er að verði innheimtir</p> <p>D.99551 Álagðir skattar á tekjur sem ólíklegt er að verði innheimtir</p> <p>D.99559 Aðrir álagðir skattar ársins sem ólíklegt er að verði innheimtir</p> <p>D.9956111 Álagt raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt</p> <p>D.9956112 Álagt framlag launþega til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt</p> <p>D.9956113 Álögð framlög sjálfstætt starfandi og atvinnulausra einstaklinga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt</p> <p>D.99591 Álagðir fjármagnsskattar sem ólíklegt er að verði innheimtir“</p>
--	--

BREYTINGAR Á VIÐAUKA B VIÐ REGLUGERÐ (EB) nr. 2223/96

„Tafla 2 — Lykilstærðir hins opinbera

	<i>Í lok töflunnar bætist við eftirfarandi kóðar:</i>
„D.995	Fjármagnstílfærslur frá hinu opinbera til viðkomandi geira vegna álagðra skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt

Tafla 9: Sundurliðaðar skattatekjur eftir geirum

	<i>Í lok töflunnar komi eftirfarandi D.995 ásamt undirliðum, án þess að sundurliðað sé í undirgeira viðtakenda:</i>
„D.995	Fjármagnstílfærslur frá hinu opinbera til viðkomandi geira vegna álagðra skatta og framlaga til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt
D.99521	Álagðir skattar á vörur og þjónustu sem ólíklegt er að verði innheimtir
D.99529	Aðrir álagðir skattar á vörur og þjónustu sem ólíklegt er að verði innheimtir
D.99551	Álagðir tekjuskattar sem ólíklegt er að verði innheimtir
D.99559	Aðrir álagðir skattar ársins sem ólíklegt er að verði innheimtir
D.9956111	Álagt raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt
D.9956112	Álagt framlag launþega til félagslegra kerfa sem ólíklegt er að verði innheimt
D.9956113	Álögð framlög til félagslegra kerfa sjálfstætt starfandi og atvinnulausra einstaklinga sem ólíklegt er að verði innheimt
D.99591	Álagðir fjármagnsskattar sem ólíklegt er að verði innheimtir
	D.2 + D.5 + D.91 + D.611 – D.995
	Heildartekjur af sköttum og framlögum til félagslegra kerfa að frádrögnum álögðum fjárhæðum sem ólíklegt er að verði innheimtar.“